

EFTIRLITSSKÝRSLA

Húnaþing vestra Syðri Kárastaðir, nærri Hvammstanga



Dags eftirlits	5.6.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Húnaþing vestra	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Hvammstangabraut 5	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5405982829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Enginn	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	408728,569 549136,39

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki var hægt að greina merki þess að enn sé urðað á staðnum. Hliðið að staðnum var með lás og keðju. Að ósk eftirlitsaðila var búið að opna lásinn á hliðinu er eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstað Húnaþings vestra í landi Syðri Kárastaða.

Rekstraraðili hefur lagt inn starfsleyfið fyrir staðinn og hefur hætt urðun. Starfsleyfið var fellt úr gildi þann 29. apríl sl.

Eftirlitsaðili fór á staðinn og skoðaði aðstæður. Engin urðun á að vera á staðnum en erfitt var að gera sér grein fyrir því hvort að einhver urðun hafi átt sér stað frá því að tilkynnt var um lokunina. Þó voru engin greinileg merki um nýlega urðun eða umgang um svæðið.

Greina mátti stóran haug af dekkjaúrgangi neðarlega á svæðinu. Urðunarreinin sem síðast var notuð var hulin en á svæði þar sem afgirt er fyrir bílahæ var að sjá um 4-5 metra djúpa holu sem virtist ekki vera mjög gömul. Vatnslag var neðst í holunni. Girðing utan um bílhræin lá niðri að hluta.

Ekki hefur verið byrjað á framkvæmdum skv. lokunaráætlun en að sögn rekstraraðila er búið að gera samning við verktaka til verksins.

ANNAÐ

Sigríður Hjaltadóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra var viðstödd eftirlitið.

Reykjavík, 10.06.2015

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.